

# Framkvæmdastjóri



SAMTÖK FYRIRTÆKJA  
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) auglýsa starf framkvæmdastjóra samtakanna laust til umsóknar. Leitað er að faglegum stjórnanda og leiðtoga sem hefur áhuga á heilbrigðisþjónustu. Áhersla er lögð á stjórnunar- og skipulagshæfileika, faglegan metnað og hæfileika til að vinna sjálfstætt. Framkvæmdastjóri vinnur í nánú samstarfi með stjórn samtakanna að fjölbreyttum verkefnum.

## ■ Helstu verkefni og ábyrgð:

- Dagleg stjórnun og ábyrgð á rekstri skrifstofu samtakanna
- Framkvæmd ákvarðana stjórnar og þátttaka í stefnumótun
- Yfirumsjón með gerð samninga og annarra verkefna á vegum samtakanna
- Hagsmunagæsla fyrir samtökin og aðildarfélög þeirra
- Utanumhald og skipulag viðburða og vinnuhópa á vegum samtakanna
- Miðlun upplýsinga til aðildarfélaga og samstarf við ýmsa aðila

## ■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri og áætlanagerð
- Reynsla af samningagerð er skilyrði
- Þekking eða reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Þekking á heilbrigðismálum er kostur
- Mjög gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og fagleg vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með **21. mars 2021**. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda í starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu eru hagsmunasamtök fyrirtækja sem starfa við velferðarþjónustu og eru sjálfseignarstofnanir, í eigu félaga-samtaka, einkaaðila eða opinberra aðila.

Aðildarfélög SFV eru 48 talsins. Mörg aðildarfélaganna eru öldrunarstofnanir, en einnig fyrirtæki með aðra starfsemi eins og dagþjálfun, áfengismeðferð, endurhæfingu o.fl.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu samtakanna: [www.samtok.is](http://www.samtok.is)

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran ([thelma@intellecta.is](mailto:thelma@intellecta.is)) og Hafdís Ósk Pétursdóttir ([hafdis@intellecta.is](mailto:hafdis@intellecta.is)) í síma 511 1225.

**intellecta**  
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir